

2. fundur skólaráðs skólaárið 2023-2024 - 3. apríl kl. 15:10

Mætt: Þorgeir Rúnar Finnsson, Hólmfríður Björnsdóttir, Stefán Hrafn Stefánsson, Sigurður Baldur Þorsteinsson, Hákon Fannar Ellertsson, Móeiður Alma Gísladóttir og Katla Eyfjörð Þorgeirsdóttir.

Svala Fanney Snædahl Njáladóttir og Steinunn Laufey Skjöldal voru fjarverandi.

Fundarstjóri: Þorgeir Rúnar Finnsson

Fundarritari: Hólmfríður Björnsdóttir

1. Olweusaráætlunin gegn einelti

Unnið með áætlunina í hverjum hópi og reglulega farið í t.d. eineltishringinn o.þ.h. Haldnir voru foreldrafundir að hausti, sem voru raunar ekki hefðbundnir Olweusar-haustfundir, heldur var sjónum beint að agamálum, samskiptum og öðru í víðara samhengi. Ágætir fundir sem voru vel sóttir.

Árleg Olweusarkönnun hefur ekki verið lögð fyrir og lítið heyrst frá forsvarsmanni verkefnisins, aðeins óvíst með stöðuna og framhaldið á meðan svo er. Skólastjóri mun skoða málið.

2. Hvernig hefur skólaárið gengið?

Skólstarfið heilt yfir gengið ágætlega, en mikil orka og tími farið í agavandamál, samskiptavanda og slæma umgengni. Haldnir voru fundir með foreldrum sl. haust þar sem þau mál voru rædd í þaula og lausna leitað. Skólinn telur að það hafi skilað einhverjum árangri, þótt betur megi ef duga skal. Síðustu vikur gefa vonir um bjartsýni um að hlutirnir séu á góðri leið upp á við.

Starfsmannamál hafa verið dálítið þúsluspil vegna fæðingarorlofa og leyfa starfsfólks, en horfir vel varðandi síðustu vikur skólaársins. Ljóst að nokkrar breytingar verða á starfsmannamálum fyrir næsta vetur og þarf að fara að huga að því sem fyrst.

Breytingar á skóladegi, teymiskennslan, morgunstundirnar og fleira sem við tókum upp í fyrra er áfram í gangi og virðist almenn ánægja með það flest. Við munum halda áfram að þróa þessa þætti, reyna að sníða vankanta af og nýta þau tækifæri sem í þessu skipulagi felast.

3. Skóladagatal 2024-2025 og hópaskipting

Skóladagatal 2024-2025 lagt fram. Er með svipuðu sniði og síðustu ár. Helsta nýbreytnin á dagatalinu er þorrablót á bóndadaginn. Þá mun hver námshópur sjá um skemmtiatriði, pistill verður lesinn og dansað að gömlum sið. Þorramatur verður svo í hádeginu og foreldrum boðið á blótið. Gert ráð fyrir vetrarfríi í kringum öskudag, en á þeim tíma stefnir starfsfólk skólans á að fara í námsferð. Gert ráð fyrir tveimur viðtalsdögum í febrúar, en þar er stefnt

að því að skipta nemendum í tvo hópa. Annar hópurinn kemur í viðtöl fyrri daginn á meðan hinn hópurinn fer á milli skemmtilegra stöðva og svo svissast það síðari daginn. Þetta er gert t.d. til að rýmka tímann sem hver nemandi fær í viðtal, þar sem stefnt er að því að halda áfram að þróa nemendastýrð viðtöl sem taka alla jafna lengri tíma en „hefðbundin“ viðtöl. Vorskemmtun áætluð í næst síðustu viku fyrir páskafrí líkt og við gerðum á þessu skólaári. Heppnaðist vel, skemmri en snarpari undirbúningur fyrir Vorskemmtun og gefur svo kost á góðri og rólegri kennsluviku fyrir páska.

Hópaskipting verður með sama móti, skipt eftir stigum í grunninn en teymi skipta þeim hópum svo eftir aðstæðum og tilefni hverju sinni í smærri hópa. Stefnir í 12 nemendur á yngsta stigi, 15 nemendur á miðstigi og 22 nemendur á unglíngastigi, gæti þó auðvitað breyst eitthvað.

4. Skólahúsnæði og skólalóð: Framkvæmdir, öryggi, aðbúnaður o.s.frv.

Farið var í endurbætur á Kringlu til að bæta hljóðvist og útlit. Tókst mjög vel. Stefnt að framkvæmdum á skólalóð í sumar, settur gróður og farið í annan lokafrágang. Þá telst lóðin tilbúin þótt vissulega sé stefnan að bæta smám saman við til að gera hana enn fallegri og skemmtilegri, t.d. með fleiri leiktækjum t.d. aparólu, hjólaskýli, bekkjum o.s.frv. Hjólabrautin sem stefnt var á að setja þarna reyndist vera alltof dýr í uppsetningu og því horfið frá því. Í hennar stað koma sniðug og góð tæki. Einnig verður farið í endurnýjun á hluta glugga í matsal í vor/sumar. Fjórir gluggar að norðan verða síkkaðir til þess að auka útsýni úr salnum. Spennandi framkvæmd sem vonandi tekst vel.

5. Önnur mál

a. Reglur um farsíma- og snjalltækjanotkun í Grenivíkurskóla

Í janúar sl. var reglum um farsíma- og snjalltækjanotkun breytt og farin sú leið að notkun tækjanna sé ekki leyfð í skólanum, hvort sem um sé að ræða kennslustundir, frímínútur eða annað. Viðbrögðin blendin eins og búast mátti við, en verður að segjast að vel hefur tekist til. Nemendur hafa heilt yfir staðið sig mjög vel í að virða þessar nýju reglur og skólabragur í frímínútum er almennt betri, nemendur spila, tefla og spjalla í mun meira mæli en áður.

Reglurnar gilda út skólaárið og stefnt að því að nýta vorið til að fullmóta reglur til framtíðar í góðu samráði allra aðila skólasamfélagsins. Skólaráð telur að miðað við hversu vel hefur gengið þá sé ástæða til að að halda sömu reglum á næsta skólaári.

Rætt var um mikilvægi þess að hafa nóg til dundurs í frímínútum. Til stendur að setja upp píluspjald og tilheyrandi. Katla kom með tillögu að því að keypt yrði þyðhokkíborð. Skólaferðalag stendur fyrir dyrum og upplagt ef afgangur verður af ferðasjóðnum að hann nýtist í leiktæki einhverskonar.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl. 15:55.